

Minnisblað

Áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins 2017:

Áhersluatriði ESMA við eftirlit með reiknings- skilum byggðum á IFRS

- 1 Hinn 27. október 2017 birti Verðbréfaeftirlit Evrópu (ESMA – European Security and Market Authority) fréttatilkynningu og yfirlýsingu um sameiginleg áhersluatriði eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) vegna eftirlits með reikningsskilum ársins 2017. ESMA mun því, ásamt eftirlitsaðilum, beina sérstaklega athyglinni að þessum áhersluatriðum við mat á því hvort um sé að ræða verulegt frávik frá alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IFRS) í reikningsskilum félaga á markaði.
- 2 Þeim aðilum sem koma að gerð reikningsskila sem gerð eru í samræmi við IFRS er bent á að kynna sér fréttatilkynningu og yfirlýsingu ESMA um sameiginleg áhersluatriði við eftirlit með reikningsskilum sem byggja á IFRS. Fréttatilkynningin og yfirlýsingin verða birt á vef embættis ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir liðnum fyrirtækjaskrá.
- 3 Eftirlit með IFRS reikningsskilum beinist því sérstaklega að eftirfarandi þáttum:
 1. upplýsingum í reikningsskilum um vænt áhrif af innleiðingu eftirfarandi nýrra staðla, þ.e. IFRS 9: Fjármálagerningar, IFRS 15: Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 16. leigusamningar,
 2. sérstök umfjöllunarefni varðandi færslu, mat og upplýsingar í staðlinum IFRS 3: Sameiningar fyrirtækja og
 3. sérstök umfjöllunarefni varðandi staðalinn IAS 7: Sjóðstreymisýfirlit.

Ófjárhagslegar upplýsingar

- 4 Samkvæmt 66. gr. d. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þar sem kveðið er á um ófjárhagslega upplýsingagjöf, skulu einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæða birta upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:
 1. stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins,
 2. lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt greininni, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir,
 3. yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt greininni,
 4. lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur og þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu og
 5. ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.
- 5 Hafi félag ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt 66. gr. d. skal það gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Í yfirlitinu skv. 4. tölul. hér að ofan skulu eftir því sem við á, koma fram frekari skýringar varðandi upphæðir sem greint er frá í ársreikningi en ef félagið gerir samstæðureikning er nægjanlegt að upplýsingarnar nái eingöngu til samstæðunnar.

- 6 Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út á árinu 2017, leiðbeinandi reglur um aðferðir við ófjárhagslega upplýsingagjöf. Þeim aðilum sem koma að samningu reikningsskila eininga tengdra almannahagsmunum eða reikningsskilum stórra samstæða, eins og þær eru skilgreindar í c-lið 33. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, er bent á að kynna sér framangreindar leiðbeinandi reglur eða þess í stað að kynna sér aðferðir Sameinuðu þjóðanna varðandi ófjárhagslega upplýsingagjöf.
- Texti árs- og samstæðureikninga skal vera á íslensku**
- 7 Sú breyting varð á lögum nr. 3/2006 vorið 2016 að texti ársreikninga skuli ávallt vera á íslensku. Hafi félag fengið heimild sbr. 7. gr. laganna til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiði, og samstæðureiknings ef við á, skal texti ársreiknings ávallt vera á íslensku en að auki á ensku ef þörf krefur. Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skal leggja fram á aðalfundi til staðfestingar ársreikning, sem saminn er skv. lögum nr. 3/2006, en í móðurfélagi skal jafnframt leggja fram til staðfestingar samstæðureikning.
- 8 Í samræmi við fyrnefnd ákvæði laga skal því á aðalfundi staðfesta ársreikning og samstæðureikning, ef við á, sem saminn hefur verið á íslensku. Ársreikningaskrá mun því hafna öllum reikningsskilum sem eru með texta á öðru tungumáli en íslensku eða eru með tilvísun um að reikningsskilin séu byggð á þýðingu úr öðru tungumáli en íslensku. Í slíkum tilvikum verður jafnframt gerð krafa um að ný reikningsskil verði lögð fyrir hluthafafund til samþykktar áður en ársreikningaskrá tekur þau til opinberrar birtingar.
- Fjórðálksreikningar**
- 9 Fram kemur í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 að stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikning viðkomandi félags og ef um er að ræða móðurfélag skulu þau einnig undirrita samstæðureikning. Í 4. mgr. er kveðið á um að hafi ársreikningur verið endurskoðaður skuli áritun endurskoðanda mynda eina heild en í 5. mgr. kemur fram að hafi skoðunarmaður yfirfarið ársreikninginn skuli undirritun hans og dagsetning vera fylgiskjal með ársreikningnum.
- 10 Kveðið er á um í 1. mgr. 73. gr. laga nr. 3/2006 að samstæðureikning skuli semja í samræmi við ákvæði VII. kafla laganna og skuli reikningsskilin hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stórnar, ásamt áritun endurskoðanda eða undirritun skoðunarmanns. Fram kemur í 85. gr. að í skýrslu stjórnar skuli veita upplýsingar eins og félögin í samstæðunni væru eitt félag og í stað upplýsinga um fjárhæðir einstakra félaga eru fjárhæðir félaganna, sem mynda samstæðuna lagðar saman eftir sömu aðferðum og gilda um samstæðureikninginn en að öðru leyti gilda ákvæði VI. kafla laganna um skýrslu stjórnar eftir því sem við á. Þó er heimilt að sameina skýrslu stjórnar móðurfélags og samstæðunnar ef þar má að vandkvæðalaus finna þær upplýsingar sem löggin gera kröfu um. Í 99. gr. laganna kemur fram að móðurfélag sem skylt er að semja samstæðureikning skv. VII. kafla skuli kjósa einn eða fleiri endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem jafnframt skulu endurskoða dótturfélög þess ef þess er nokkur kostur.
- 11 Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. laga nr. 138/1994 og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 skal leggja fram á aðalfundi til staðfestingar, ársreikning sem saminn er skv. lögum um ársreikninga og í móðurfélagi skal jafnframt leggja fram til staðfestingar samstæðureikning. Í samræmi við fyrnefnd ákvæði laga ber félögum að skila til opinberrar birtingar, annars vegar aðgreindum ársreikningi móðurfélags og hins vegar samstæðureikningi. Ársreikningaskrá mun því á árinu 2018 hafna öllum innsendum fjórðálksreikningum.